

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Kleppjárnsreykir, skólasvæði, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi Kleppjárnsreykja, skólasvæði, á fundi sínum 8. maí 2025. Breytingin tekur til afmörkunar skólalóðar þar sem hún er stækkuð að Snældubeinsstaðavegi og stækkun byggingarreita. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 21. maí 2025.

Ásgerður Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 5. júní 2025